

Hanna Rósa Sveinsdóttir (1966-), sagnfræðingur

Afhending 2020/8

Hanna Rósa Sveinsdóttir fæddist 5. ágúst 1966 á Akureyri. Foreldrar hennar eru Sveinn Þorbergsson, (f. 4.9.1931, d. 11.8.2013), fv. bóndi á Syðri-Reistarár á Akureyri og Ragna Guðný Pedersen (f. 3.1.1938), fv. starfsmaður í dagþjónustu aldraðra.

Maki hennar er Kjartan Reykr Kristinsson (f. 11.10.1967) á Kotá á Akureyri, bóndi. Saman eiga þau tvö börn.

Hanna Rósa lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1986 og BA-prófi frá Háskóla Íslands 1992. Þar var fræðasvið hennar félagssaga með þjóðfræði sem aukagrein og með áherslu á menningarsögu. B.A. ritgerð hennar var „Þorpið í borginni, byggingarsaga Skerjafjarðar frá upphafi til okkar daga.“

Hún starfaði sem safnvörður hjá Árbæjarsafni í Reykjavík frá 1990-1992.

1992 tók hún við stöðu safnvarðar hjá Minjasafninu á Akureyri og starfar þar enn. Þar sér hún um muni safnsins og húsverndardeild.

Hún var formaður Félags íslenskra safnmanna 1996-1997. Fulltrúi Félags íslenskra safnmanna í Þjóðminjaráði. Í stjórn Starfsmannafélags Akureyrarbæjar, STAK og ritstjóri Fréttabréfs STAK og í ritnefnd Súlna, tímarits Sögufélags Eyfirðinga.

Afhendingin samanstendur af fermingarkortum Hönnu, hún var fermd í Möðruvallakirkju í Hörgárdal 25. maí 1980. Ekki hafa borist afhendingar frá sama skjalamyndara áður.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

3. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
		Hanna Rósa Sveinsdóttir (1966-), sagnfræðingur	2020 / 8
		A-Hanna Rósa Sveinsdóttir	1980 - 1980
2020 -	A / 1	1	1980- 1980 Fermingarkort Hönnu Rósu frá 25.maí 1980.